

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 7/2011.

Reykjavík, 16.03.2011

2011030208

**Efni:** Vanmerktur ofnæmis- og ópolsvaldur – sesamfræ í Hummus og döðluvefju frá Grænum kosti.

Grænn Kostur hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla úr verslunum Hummus og döðluvefju þar sem ofnæmis- og ópolsvaldar eru ekki merktir á umbúðum þeirra. Varan er merkt Grænum kosti.

**Vöruheiti:** Grænn kostur – Hummus og döðluvefja.

**Nettóþyngd:** 240 g.

**Umbúðir:** Plastaskja.

**Framleiðandi:** Maður lifandi, Borgartúni 24, 105 Reykjavík fyrir Grænan kost, Skólavörðustíg 8, 101 Reykjavík.

**Geymsluskilyrði:** Kælivara.

**Dreifing:** Verslun Yggdrasils, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík.

Ekki kemur fram í innihaldslýsingu á umbúðum vefjanna að þær innihalda afurðir úr sesamfræjum. Sesamfræ og afurðir úr því eru á lista yfir ofnæmis- og ópolsvalda. Samkvæmt matvælaölggjöfinni eiga ofnæmis- og ópolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Tekið skal fram að vörurnar eru skaðlausar fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir sesamfræjum. Þeir neytendur sem eiga umræddar vefjur og eru viðkvæmir fyrir sesamfræjum eru beðnir um að skila þeim í verslun Yggdrasils gegn fullri endurgreiðslu. Nánari upplýsingar veitir Arndís framkvæmdastjóri Græns Kosta, sími 585 8700.

